

Formáli ritstjóra

Það er mikið ánægjuefni að fylgja fyrri hefti *Ritradar Guðfræðistofnunar* árið 2019 úr hlaði. Í ritinu er að finna áhugaverðar greinar um margvísleg guðfræðileg umfjöllunarefni, en auk þess ritdóma um athyglisverðar bækur sem nýlega hafa komið út, bæði hérlendis og erlendis.

Í grein sinni, „... þú ert af Guði sendur“: Trúarleg stef í textum sönglaga Sigvalda Kaldalóns“ fjallar Gunnlaugur A. Jónsson um tónskáldið og lækninn sem hefur um áratugaskeið verið eitt ástsælasta tónskáld þjóðarinnar. Gunnlaugur fjallar um líf og starf Kaldalóns en leggur megináherslu á hinn trúarlega þátt í sönglögum hans og hvað textarnir við tónsmíðar hans geti sagt okkur um trú hans og hvernig tengja megi þá lífi hans og starfi.

Það er mat Gunnlaugs að trúarleg stef í verkum hans hafi oft verið vanrækt, að undanskildum hinum fjölmörgu jólalögum, og að hinn trúarlegi strengur gegni stóru hlutverki í sönglögum tónskáldsins. Í greininni sýnir Gunnlaugur fram á mikilsvert hlutverk hins trúarlega þáttar og hvernig þar birtast mjög fjölbreytileg stef kristinnar trúar, ekki síst sköpunartrú, tilbeiðsla og kærleiksboðskapur en einnig harmljóð. Þá segir hann eftirtektarvert að íslensk þjóðtrú með álfum og huldufólki komi talsvert við sögu, oft samofin kristnum trúarstefjum.

Hjalti Hugason heldur áfram að fjalla um aðskilnað ríkis og kirkju í síðari grein sinni um efnið, með áherslu á upphaf almennrar umræðu um þetta málefni á árabílinu 1878 til 1915. Eftir að hafa sýnt fram á í fyrri greininni hvernig tvær stefnur komu fram í kringum 1880, annars vegar svokölluð aðskilnaðarleið og hins vegar sú sem nefnd var löggjafarleið, fjallar Hjalti í þessari grein um afmarkaða þætti í aðskilnaðarumræðunni, m.a. fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju eftir aðskilnað, málefni almenningsfræðslu, sem var mjög á forræði kirkjunnar fram til 1907, og ýmis sjónarmið sem haldið var fram í trúarlegum málögnum á þessum tíma. Í niðurstöðum sínum sýnir Hjalti fram á hvernig komið var til móts við sjónarmið aðskilnaðarmanna með stjórnarskrárbreytingum 1915 og hafnar ennfremur þeirri túlkun að skoða beri umræður um aðskilnað ríkis og kirkju á tímabilinu sem hluta af þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga.

Sigurjón Árni Eyjólfsson tileinkar grein sína um textaraðirnar og kirkjuárið í sögulegu ljósi minningu tveggja prófessora sinna sem báðir létust fyrir á þessu ári, þeirra Eberhards Wölfel (1927–2019) og Einars Sigurbjörnssonar (1944–2019). Í greininni fjallar Sigurjón um það hvernig textar sem voru teknir inn í textaraðir fornkirkjunnar og voru að mótast á sama tíma og helgiritasafn kristinnar þurftu að fullnægja ákveðnum skilyrðum, m.a. þeim að vera margræðir og opnir fyrir túlkunum. Með tímanum þróuðust tvær hefðir, annars vegar að lesa texta textaraðarinnar á sunnudögum og leggja út af honum og hins vegar samfelldur lestur á öðrum textum utan raðarinnar sem voru bundnir við aðra daga vikunnar. Í kjölfar siðbótarinnar varð breyting hér á. Í lútherskum kirkjum var stuðst við textaröð fornkirkjunnar en í kirkjum er byggjast á guðfræði Zwinglis og Kalvíns var stuðst við *lectio continua* eða valda texta. Sigurjón kemst að þeirri niðurstöðu að saga fyrstu textaraðarinnar á Íslandi hafi verið mótandi allt frá kristnitöku og að hún sé rauði þráðurinn í sögu kristni og þjóðar.

Mikilvægt framlag trúar til samfélagslegrar umræðu um réttlæti og siðferði er efni greinar Sólveigar Önnu Bóasdóttur, „Líf í fyllstu gnægð: Trúarlegt framlag Frans páfa og Walters

Brueggemann til samtímaumræðu um réttlæti og almannaheill“. Sólveig Anna byggir umfjöllun sína á síð-veraldlegri afstöðu, þar sem hugmyndum módernismans um að trú sé barnaleg, óskynsamleg eða í versta falli skaðleg samfélaginu er hafnað. Hún fjallar sérstaklega um nýleg skrif tveggja þekktra guðfræðinga, Frans páfa og Walters Brueggemann, um yfirstandandi heimsvanda og kröfuna um réttlæti og sanngirni. Annars vegar beinir Frans páfi athyglinni að manngerðum efnahagskerfum heimsins sem hann segir verða að umbreytast frá því að hverfast um stundargróða hinna útvöldu ríku til þess að varða réttlæti í samfélaginu og almannahag. Hins vegar gagnrýnir Brueggemann hugmyndafræði markaðshyggju, neysluhyggju og hernaðarhyggju og leggur áherslu á að snúið sé af rangri braut og þess í stað fetuð leiðin sem liggur til lífsins, réttlætisins og náungakærleikans.

Á meðal þeirra þriggja ritdóma sem er að finna í þessu hefti *Ritradarinnar* er ritdómur Hjalta Hugasonar um bók Svavars Sigmundssonar, *Íslenskar bænir fram um 1600*, sem kom út árið 2018 á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þá ritar Rúnar Már Þorsteinsson ritdóm um bók Sverris Jakobssonar, *Kristur: Saga hugmynda*, sem Hið íslenska bókmenntafélag gaf út árið 2018. Að lokum er ritdómur eftir Sólveigu Önnu Bóasdóttur um nýja kennslubók í siðfræði sem kom út árið 2019, eftir siðfræðiprófessorana Elenu Namli og Carl-Henric Grenholm.

Það er við hæfi að minnst hér Einaris Sigurbjörnssonar prófessors emeritusar, sem andaðist 20. febrúar 2019, 74 ára að aldri. Einar átti að baki langan og farsælan feril við Guðfræðideild, síðar Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Háskóla Íslands, í nærri fjóra áratugi. Hann lauk stúdentsprófi frá MR 1964 og embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1969. Hann stundaði nám í trúfræði og játningafræði við guðfræðideild Lundarháskóla 1970–1974 og lauk þaðan doktorsprófi 1974. Heiti doktorsritgerðar hans er: *Ministry within the People of God: The Development of the Doctrines on the Church and on the Ministry in the Second Vatican Council's De Ecclesia*. Einar var vígður til prestsþjónustu 22. júní 1969 og gegndi starfi sóknarprests á Ólafsfirði 1969–1970, á Hálsi í Fnjóskadal 1974–1975 og að Reynivöllum í Kjós 1975–1978. Hann hóf störf við Guðfræðideild Háskóla Íslands sem stundakennari í trúfræði, trúarheimspeki og prédikunarfræði haustið 1975 og var skipaður prófessor í guðfræði með trúfræði sem aðalkennslugrein frá 1. janúar 1978 og gegndi því embætti til 1. júní 2014 er hann lét af störfum vegna aldurs. Einar var forseti Guðfræðideildar 1981–1985, 1990–1993 og 2004–2006 og sat í stjórn Guðfræðistofnunar 1990–2007, þar af forstöðumaður 1995–2007. Hann var í ritnefnd *Ritradar Guðfræðistofnunar* 1994–1998 og aftur frá 2001–2004, þá ritstjóri. Hann var varaforseti háskólaráðs 1983–1985.

Einar Sigurbjörnsson var mikilsvirtur og afkastamikill fræðimaður. Eftir hann liggur fjöldi rita og fræðigreina um margvísleg efni, bæði á íslensku og erlendum tungumálum. Hann skrifaði m.a. *Kirkjan jatar* (sem kom fyrst út árið 1980 og var síðan gefin út aukin og endurbætt árið 1991). Það rit er játningarrit íslensku þjóðkirkjunnar ásamt skýringum en auk þess er þar fjallað um sögu og mótun kristinna trúarjátninga og gefið yfirlit yfir helstu kirkjudeildir kristninnar. Árið 1989 kom út eftir Einar bókina *Credo: Kristin trúfræði* (endurútgefin 1993) og fyrir hana hlaut hann viðurkenningu Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna, fyrir vel unnin fræðastörf. *Embættisgjörð: Guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð* kom fyrst út árið 1996 og síðan aukin og endurbætt árið 2012. Öll þessi rit hafa á undanförunum árum og áratugum gegnt mikilvægu hlutverki sem kennslubækur í trúfræði og helgisíðafræðum við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Einar stundaði viðamiklar rannsóknir á íslenskum trúararfi, m.a. á íslenskum sálmum og sálmaþýðingum, og tók þátt í norrænu rannsóknarsamstarfi á því sviði um áratuga skeið. Einar átti mikið starf óunnið þegar hann

féll frá en hans miklu og vönduðu rannsóknir og niðurstöður þeirra, sem m.a. er að finna í fjölmörgum heftum *Ritradarinnar*, munu halda áfram að vera grunnur að áframhaldandi fræðastörfum á sviði guðfræði og íslensks trúararfs um ókomin ár. Megi Guð blessa minningu Einars Sigurbjörnssonar.

Það er von mín að lesendur *Ritradarinnar* finni í þessu hefti áhugavert og fræðandi efni við sitt hæfi.

Arnfríður Guðmundsdóttir